

Sp.

484. Tillaga til þingsályktunar

[163. mál]

um sumarstörf ungmenna á fiskiskipum.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson, Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því við stjórnendur útgerðarfyrirtækja, sem fengið hafa ríkisábyrgð fyrir lánnum eða lán til togara-kaupa, að skráðir verði á skipin sem hásetar a. m. k. 2—3 unglingar á aldrinum 14—16 ára, þrjá til fjóra sumarmánuði ár hvert. Einhver þar til hæfur skipverji skal síðan bera ábyrgð á því, að ungmennin fái tilsögn í algengri sjóvinnu, hreinlæti og snyrtilegri umgengni um borð. Skulu útgerðarstjórnir senda atvinnumálaráðuneytinu á hverju hausti skýrslu um ungmenni þau, sem verið hafa hásetar á vegum útgerðarinnar.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefur það háð íslenskri togaraútgerð nokkuð, að hana skortir vana sjómenn, eins og það er orðað. Og vissulega má það vera þjóðinni áhyggju-efni, að ungir menn skuli í seinni tíð vera næsta fráhverfir sjómennsku. Raunar eiga útgerðarmennirnir sjálfir nokkra sök á þessu, því að það hefur verið vandkvæðum bundið fyrir unglinga að komast á sjó að sumrinu nema fyrir kunningsskap.

Á aldrinum 14—16 ára er hvað mest um vert, að hugir ungmenna hneigist að sjómennsku, og það verður einna helzt gert með því að gefa þeim kost á að kynnst henni af eigin raun. Það er ósennilegt, að íslenska þjóðin hafi efni á því í nánustu framtíð, að halda úti skólaskipi, og raunar eru fiskiskipin sjálf beztu skólaskipin. Það verður því að sjá til þess, að ungir menn eigi þess kost að komast á fiskiskip, þótt ekki sé nema stuttan tíma í senn, á þann hátt, sem hér er bent á. Það er kostnaðarlítið fyrir hið opinbera, ef þessi leið yrði farin. Hins vegar er sanngjarnt, að útgerðarfyrirtæki, sem notið hafa fyrirgreiðslu hins opinbera við kaup á fiskiskipi, taki á sig nokkrar skyldur varðandi uppeldi sjómannsefna, og það mun án efa verða þjóðinni til hagsbóta, er fram líða stundir.

Skýrslugerð sú, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, tryggir, að hið opinbera geti fylgt með því, að útgerðarfyrirtækin láti ekki undir höfuð leggjast að skrá umrædd ungmenni í skiprúm, og jafnframt veitir hún vitneskju um, hverja raun þessi ráðstöfun gefur, t. d. hversu margir unglinganna haldi áfram sjómennsku. Þá geta unglingarnir, þegar þeir hyggja á frekara nám í sjómennsku, lagt fram skilríki, sem gefa vísbendingu um störf þeirra og hæfileika.

Þess skal getið, að ein mesta siglingaþjóð heims hefur áratugum saman viðhaft svipaða aðferð við uppeldi og þjálfun sjómannsefna sinna.

Árið 1953 lagði Gils Guðmundsson fyrir Alþingi frumvarp til laga um sjóvinnuskóla, og telja flutningsmenn tillögu þessarar, að þar hafi verið borið upp mál, sem fyllilega sé þess vert, að tekið yrði til nánari athugunar af hlutaðeigandi stjórnarvöldum.